

Frækna frænkan

Fabiana Morais

Talskona fatlaðs fólks
hjá Þroskahjálp

Um mig

22 ára talskona fatlaðs fólks

Fædd í Portúgal
og kom til Íslands 9 ára

Ég hef búið á Íslandi í 13 ár



Flutningur fjölskyldunnar til Íslands

Fjölskylda mín ákvað að koma til Íslands
því okkur fannst Ísland vera betra land að búa í

Pabbi minn kom hingað fyrst.
Þegar hann var kominn með vinnu
komum við hin til landsins

Flutningur fjölskyldunnar til Íslands

Vinir pabba á Íslandi hjálpuðu honum
að komast að því hvaða réttindi ég ætti

Þá fór ég til læknis sem var mjög hjálpsöm
— hún útskýrði öll réttindi mín

Ég var búin að fá greiningu í Portúgal,
þess vegna var auðveldara fyrir mig
að fá aðstoð sem ég átti rétt á hér á Íslandi

Flutningur fjölskyldunnar til Íslands

Þar sem ég var bara 9 ára
var auðvelt fyrir mig að læra íslensku

Í skólanum lærði ég bara íslensku til að byrja með,
þar til ég var orðin nógu góð í tungumálinu

Þá byrjaði ég að læra hin fögin líka

Reynsla mín af því að vera fatlað barn af erlendum uppruna

Ég hef búið á Íslandi í 13 ár

Mér finnst eins og mamma mín hafi alltaf þurft
að ýta á eftir skólakerfinu
til að fá upplýsingar um réttindi mín

Reynsla mín af því að vera fatlað barn af erlendum uppruna

Mér finnst að fjölskyldur með börn
ættu að fá betri upplýsingar

Það þarf sérstaklega að bæta upplýsingagjöf
til fjölskyldna fatlaðra barna af erlendum uppruna

Reynsla mín af því að vera fatlað barn af erlendum uppruna

Börn þurfa að bíða lengi eftir greiningu
og það eru langir biðlistar eftir þjónustu

Á meðan börn bíða
fá þau ekki þann stuðning
sem þau eiga rétt á

Það þarf að skoða þetta vel og vandlega

Um mig

Diplómanám HÍ:
útskrifaðist júní 2024

Tók mörg námskeið
um fötlunarfræði



Hvernig fékk ég áhuga
á réttindabaráttu?

Í starfsnámi hjá Þroskahjálp
og í Diplómanámi HÍ



Í starfsnámi hjá Þroskahjálp

- **Samráð við stjórnvöld**

Til dæmis við mennta– og barnamálaráðuneyti
um stöðu barna af erlendum uppruna

- **Heimsókn í ráðuneyti**

Í félags– og vinnumarkaðsráðuneyti
hitti ég starfsfólk sem vinnur
að málefnum fatlaðs fólks

Í starfsnámi hjá Þroskahjálp

- **Tækifæri til að spyrja**

Ég spurði um ýmislegt.

Ég var ekki alltaf ánægð með svörin...

**Þá skildi ég að það þarf
að berjast fyrir réttindum.**

Um störf mín

Ég vinn hjá Þroskahjálp
sem talskona fatlaðs fólks
og er í stjórn Þroskahjálpar

Af hverju er ég talskona?

- Til að hafa áhrif á samfélagið
- Til að skapa betra samfélag fyrir okkur öll
- Til að deila minni reynslu

Af hverju er ég talskona?

Það skiptir máli
að fatlað fólk
deili sinni reynslu
og segi sína sögu



Af hverju er ég talskona?

Það skiptir máli
að fatlað fólk
deili sinni reynslu
og segi sína sögu



Það getur breytt miklu.

Verkefni mín hjá Þroskahjálp 2024

- **Ráðgjöf og leiðbeiningar**
til Þroskahjálpar og annarra
hagsmunafélaga, ráðuneyta,
tæknifyrirtækja, háskóla og fleiri
- **Þátttaka í verkefninu**
Notendaviðtal við nemendur HR
Við ræddum um vefsíðu RÚV
og hverju mætti breyta og bæta
til að auka aðgengi fatlaðs fólks
- **Þátttaka í tónlistarmyndbandi**
Átaks, textinn miðar að því fatlað fólk
kenni ófötluðu fólki að fá skilning

Verkefni mín hjá Þroskahjálp 2024

- Meðlimur í framtíðarhópi í félags– og vinnumarkaðsráðuneyti
- Skipulagði vísindaferð fyrir Diplómanema HÍ og tók þátt í mörgum öðrum vísindaferðum
- Fundarstjóri á málþingi Þroskahjálpar, Lifandi tækni
- Leiðbeinandi fyrir starfsnema úr Diplómanámi HÍ

Verkefni mín hjá Þroskahjálp 2025

- **Tengiliður við Diplómanema**
þegar þau koma í starfsnám Vinn
með nemum að fjölbreyttum
verkefnum
- **Samráð og samvinna við**
Vinnumálastofnun
vegna náms– og starfstækifæra
ungs fatlaðs fólks
- **Skipulagning og undirbúningur fyrir**
ráðgjafahóp
Þar mun fatlað fólk veita
Þroskahjálp mikilvæga ráðgjöf
- **Skipuleggjandi málþingsins**
Hvað með okkur? í apríl 2025
Þar var fatlað fólk í aðalhlutverki

Hvað með okkur?

Málþing með fötluðu fólki
í aðalhlutverki

Í DAG

Föstudagur 11. apríl
klukkan 13

... svo er partí frá kl. 17 til 19



Afhverju þetta málþing Hvað með okkur?

Af því að það er kominn tími til
að fólk komi að hlusta á okkur

Við erum sérfræðingar í þessu málefni

Við vitum betur hvað er gott
og hverju þarf að breyta

Afhverju þetta málþing Hvað með okkur?

Það er mikilvægt að fólk hlusti á okkur

Það er líka mikilvægt að fatlað fólk komi
og segi sína sögu og deili sinni reynslu

**Við verðum að vinna saman
til að skapa betra samfélag fyrir okkur öll**

Afhverju þetta málþing

Hvað með okkur?

Það er kominn tími til
að breyta samfélaginu

Við erum öll alls konar
en við eigum **og við verðum**
að vera öll saman í liði

Afhverju þetta málþing Hvað með okkur?

Þess vegna héldum við þetta málþing

Svo við getum unnið saman
og gefið okkur tíma til að hlusta
og segja okkar sögu

**Afhverju var fatlað fólk
í aðalhlutverki?**

**Afhverju er fatlað fólk
í aðalhlutverki?**


Af því að oftast
kemur fatlað fólk á málþing
og þarf bara að hlusta
á það sem ófatlað fólk segir
um það sem skiptir fatlað fólk miklu máli

**Afhverju er fatlað fólk
í aðalhlutverki?**

**Á þessu málþingi
breyttum við þessu**

**Við töluðum mest
og annað fólk kom til að hlusta**

Draumur minn



Draumur minn

Mig dreymir um að í framtíðinni
verði fleiri tækifæri fyrir fatlað fólk
til atvinnu og menntunar

Ég vil vinna áfram að réttindamálum
og vil hafa áhrif á samfélagið



Draumur minn

Ég mun alltaf halda áfram
að berjast fyrir mannréttindum
fatlaðs fólks

Það skiptir máli að hafa áhrif





Takk fyrir!

fabiana@throskahjalp.is